



Borgarráð

Efni: Útgáfuáætlun skuldabréfa fyrir fyrri hluta ársins 2021

Lögð er fram til samþykktar eftirfarandi útgáfuáætlun vegna skuldabréfaútboða á fyrri hluta árs 2021:

28. janúar
3. mars
14. apríl
5. maí
2. júní.

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að borgarsjóður taki lán fyrir allt að 34.400 m.kr. Gert er ráð fyrir að lántakan verði framkvæmd með stækkun á virkum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs, þ.e. í skuldabréfaflokkum RVK 32 1, RVKG 48 1 (verðtryggðir) og í skuldabréfaflokkum RVKN 35 1 og RVKNG 40 1 (óverðtryggðir).

Undanfarin tvö ár hafa útboðsdagsetningar ekki verið ákveðnar fyrirfram en nú er talið nauðsynlegt að vera með ákveðinn fyrirsjáanleika í útboðum varðandi tímasetningu þeirra. Einungis eru ákveðnar dagsetningar fyrir hluta ársins en ekkert nánar um hvert útboð. Þannig er ekki ákveðið hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn eða í hvaða skuldabréfaflokki er boðið út, heldur er sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs heimilt að ákveða fyrirkomulag útboða í hvert sinn. Markaðsaðstæður eru breytilegar og geta breyst ört og er því nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða. Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða síðan lagðar fyrir borgarráð til endanlegrar afgreiðslu.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs